

**Yfirheyrslur á grunuðum hryðjuverkamönnum**  
Hlutverk sálfræðinnar í leit að árangursríkum aðferðum

Jóel Dan Nielsen Björnsson

Lokaverkefni til BS-gráðu í sálfræði  
Leiðbeinandi: Ólafur Örn Bragason

Sálfræðideild  
Heilbrigðisvísindasvið Háskóla Íslands  
Júní 2016

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BS-gráðu í sálfræði og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi réttthafa.

© Jóel Dan Nielsen Björnsson 2014

Prentun: Svansprent  
Reykjavík, Ísland 2016

Vegna aukinnar hryðjuverkaógnar í heiminum er þörf á því að finna bestu mögulegu aðferðirnar til að yfirheyra grunaða hryðjuverkamenn. Tilgangur þessarar fræðilegu samantektar er því sá að nýta rannsóknir á sálfræði hryðjuverka og yfirheyrsla til þess að greina nokkrar yfirheyrsluáðferðir í samhengi við grunaða hryðjuverkamenn. Markmið samantektarinnar snúa að því að (1) greina helstu hvata til hryðjuverka, (2) gera grein fyrir áðferðum til að mynda gott yfirheyrslusamband við þessa einstaklinga, (3) greina algengar gagnyfirheyrsluáðferðir hryðjuverkamanna, (4) setja Scharff áðferðina í samhengi við grunaða hryðjuverkamenn og að (5) veita yfirlit yfir áðferðir til að greina blekkingu í yfirheyrslum með þessum hópi. Hryðjuverkamenn eru fjölbreyttur hópur og hafa ólíka hvata að baki þátttöku í hryðjuverkum. Til að koma á góðu yfirheyrslusambandi við þá þarf helst að þekkja menningarlegan bakgrunn þeirra og sýna þarf nærgætni. Góður árangur hefur hlotist af Scharff áðferðinni til að takast á við gagnyfirheyrsluáðferðir grunaðra hryðjuverkamanna, bæði flóttá- og forðunarferðir. Með taktískri notkun sönnungargna (SUE) er hægt að fá fram misræmi í framburði seks aðila sem beitir blekkingum. Þar að auki hafa áðferðir sem auka hugrænt álag borið árangur í rannsóknum. Þjálfun í beitingu þessara áðferða getur gagnast löggæslu á Íslandi í undirbúningi fyrir hryðjuverkaógn. Með því að beita bæði Scharff áðferðinni og SUE í sömu yfirheyrslunni má teljast sennilegt að líkur aukist á að réttar og áreiðanlegar upplýsingar komi fram sem gætu komið í veg fyrir áætlaða hryðjuverkaárás.

# Efnisyfirlit

Útdráttur.....	3
Inngangur og markmið.....	5
1. Skilgreining hryðjuverka .....	7
2. Sálfræði hryðjuverka.....	8
2.1 Fjögurra þrepa líkan Borums .....	8
2.2 Skilningur á hvötum til hryðjuverka .....	9
2.3 Siðferðisleg aftenging .....	10
2.4 Sálfræðilegir þættir róttækni og ofbeldisfullrar öfgastefnu .....	11
2.5 Kenningar um hópa og hryðjuverk .....	13
3. Yfirheyrslur á grunuðum hryðjuverkamönnum.....	15
3.1 Gagnkvæm samskipti yfirheyraanda og sakbornings .....	16
3.2 Upplýsingaöflun frá heimildarmönnum (HUMINT) .....	18
3.3 Scharff aðferðin.....	19
3.4 Blekkingar og lygar við yfirheyrslur .....	23
3.5 Taktísk notkun sönnunargagna (SUE) .....	26
3.6 Blekkingar og hugrænt álag .....	27
3.7 Samantekt á yfirheyrsluaðferðum .....	28
Umræða.....	30
Heimildaskrá.....	34

Í ljósi nýlegra hryðjuverkaárása víðs vegar um heiminn er brýn þörf á því að innleiða aðferðir til yfirheyrsla á hryðjuverkamönnum sem eru byggðar á traustum vísindalegum og siðferðislegum grunni. Aukin ógn vegna hryðjuverka á vesturlöndum (Greiningardeild ríkislögreglustjóra, 2015) og niðurstöður svokallaðrar Hoffman skýrslu um hlutverk bandarískra sálfræðinga í pyntingum á grunuðum hryðjuverkamönnum árin eftir árásirnar 11. september árið 2001 (Hoffman o.fl., 2015) hafa vakið kröfur úr fræðasamfélaginu og alþjóðasamfélaginu almennt um bæði gagnlegri og siðferðislegri yfirheyrsluáðferðir til að ná fram áreiðanlegum upplýsingum (Brandon, 2011; Fallon, 2014; Granhag, Vrij og Meissner, 2014; Loftus, 2011). Þekkingu úr sálfræði má nýta til að betrumbæta aðferðir við upplýsingasöfnun, til dæmis í þróun á nýjum leiðum til að sporna gegn fölskum játningum vegna þvingandi yfirheyrsluáðferða, greina blekkingar og jafnvel greina ásetning til afbrota eins og hryðjuverkaárása (Loftus, 2011; Giolla, Granhag og Vrij, 2015).

Í mati greiningardeildar ríkislögreglustjóra á hættu af hryðjuverkum er hættustigið talið í meðallagi og því ekki hægt að útiloka möguleikann á hryðjuverkum hér á landi. Í skýrslunni kemur fram að upplýsingar bendi til þess að Ísland hafi verið notað í þeim tilgangi til að koma fólki til og frá Mið-Austurlöndum á vegum hryðjuverkasamtakanna Ríki íslams. Greiningardeild sérstaklega, og lögreglu almennt, skortir rannsóknarheimildir til að meta mögulega hættu af hryðjuverkum sem skapar mikla óvissu og aukna áhættu fyrir samfélagið. Vegna upplýsingaskorts þá getur reynst erfitt að koma í veg fyrir hryðjuverkaárásir hér á landi en ríkislögreglustjóri leggur til úrbætur í þessum efnum (Greiningardeild ríkislögreglustjóra, 2015). Eitt nauðsynlegt skref í þessum úrbótum er að móta frumdrög að framkvæmd yfirheyrsla þegar grunaðir hryðjuverkamenn eiga í hlut, en samkvæmt Vrij og Granhag (2014) er hægt að koma í veg fyrir árásir með upplýsingaöflun (*intelligence gathering*) um ásetning til hryðjuverka frá áreiðanlegum heimildarmönnum.

Ekki er vitað til þess að viðeigandi ráðstafanir séu til hér á landi um hvernig skuli bregðast við hryðjuverkum og hvernig sé best að haga yfirheyrslum á þeim sem grunaðir eru um slíkt. Tilgangur þessarar umfjöllunar er því sá að nýta sálfræðilega þekkingu og rannsóknir til þess að móta frumdrög að því hvers konar yfirheyrsluáðferðir sé vænlegast að nota þegar grunaðir hryðjuverkamenn eiga í hlut.

Markmiðið er í fyrsta lagi að veita yfirlit yfir helstu ástæður og hvata einstaklinga til þess að ganga í róttæka öfgahópa eða hryðjuverkasamtök. Í öðru lagi verður athugað hvernig hægt sé að mynda gott yfirheyrslusamband við grunaða hryðjuverkamenn til þess að ná fram

áreiðanlegum upplýsingum með siðferðislegum hætti. Í þriðja lagi að greina algengustu aðferðir hryðjuverkamanna sem þeir nota í yfirheyrslum til að villa um fyrir yfirheyrenda ásamt því að finna leiðir til að sporna við þeim. Í fjórða lagi verður varpað ljósi á þær yfirheyrsluaðferðir sem gera það mögulegt að greina á milli þeirra sem segja satt og ósatt. Að lokum verður rýnt í helstu aðferðir yfirheyrenda við upplýsingaöflun og gert grein fyrir mikilvægi þeirra við að greina ásetning og koma í veg fyrir áformuð hryðjuverk. Tvær yfirheyrsluaðferðir sem hafa nýlega gripið athygli fræðimanna verða ræddar í samhengi við grunaða hryðjuverkamenn, en sú fyrsta er *Scharff aðferðin* (Granhag, Kleinman og Oleszkiewicz, 2016) og sú síðari er svokölluð *Taktísk notkun sönnunargagna* eða SUE (Granhag og Hartwig, 2015).

## 1. Skilgreining hryðjuverka

Það er ekki mikil samstaða um skilgreininguna á hryðjuverkum. Í almennum hegningarlögum (nr. 19/1940) á Íslandi eru hryðjuverk skilgreind sem afbrot framin

í þeim tilgangi að valda almenningi verulegum ótta eða þvinga með ólögmetum hætti íslensk eða erlend stjórnvöld eða alþjóðastofnun til að gera eitthvað eða láta eitthvað ógert eða í því skyni að veikja eða skaða stjórnskipun eða stjórnmalalegar, efnahagslegar eða þjóðfélagslegar undirstöður ríkis eða alþjóðastofnunar.

Crenshaw (2000) skilgreinir þau sem ásetning til kerfisbundins ofbeldis með þeim tilgangi að ógna ákveðnum hópi fólks með því að skaða hluta hópsins. Hryðjuverk eru fyrst og fremst pólitísk og táknræn, en ef maður horfir á þau í sálfræðilegu ljósi eru þau í eðli sínu afbrigðileg mannleg hegðun (Victoroff, 2005). Í kjarna flestra skilgreininga eru hryðjuverk þó talin kerfisbundin notkun einstaklinga eða hópa á ótta til að ná fram markmiðum sínum (Kruglanski og Fishman, 2006). Nýleg dæmi um hryðjuverkaárásir í Evrópu hafa gert alþjóðasamfélaginu ljóst þá ógn sem stafar af hryðjuverkamönnum (Veldhuis og Staun, 2009). Til dæmis má nefna árásirnar í Noregi árið 2011 (NRK, 2011) og í París árið 2015 (Almasy, Meilhan og Bittermann, 2015).

Butler (2002) telur tvo flokka vera af hryðjuverkum: markháð hryðjuverk (*instrumental terrorism*) og hefningjörn hryðjuverk (*retributive terrorism*). Markháð hryðjuverk eru framin til þess að þvinga hóp til hlýðni eða til að gera eitthvað ákveðið með því að valda ótta. Oftast eru þessir hryðjuverkamenn með pólitíska hvata, þeir gætu ef til vill viljað losna við hernám annarrar þjóðar eða þvinga stjórnvöld til að verða við kröfum þeirra (Miller, 2012). Írski lýðveldisherinn (*Irish Republican Army*) er gott dæmi um samtök sem beita markháðum hryðjuverkum, en hreyfingin hefur barist fyrir sjálfstæði Írlands frá Bretlandi (Miller, 2006). Annað gott dæmi er herdeild Hamas samtakanna sem hafa lýst yfir *Jihad* eða heilögu stríði gegn Ísrael í þeim tilgangi að eyða Ísrael og mynda ríki Palestínu (Berrebi, 2007). Þeir sem vilja hefnd eða endurgjalda eitthvað geta trúað því að fórnarlömbin eða landið þeirra eigi refsingu skilið (Butler, 2002). Slík hryðjuverk eru ekki framin til þess að hafa áhrif heldur til að eyða óvininum. Erfitt er að friða árásarmenn af þessum toga vegna þess haturs sem þeir upplifa yfir tilvist óvinnarins. Róttækir hryðjuverkamenn af trúarlegum toga og þeir sem trúa að einn hópur manna sé öðrum æðri flokkast venjulega hér (Miller, 2012). Dæmi um hópa sem falla undir endurgjaldandi hryðjuverk eru róttækir Íslamskir

hryðjuverkahópar (til dæmis Ríki íslams og Boko Haram), Ku Klux Klan í Bandaríkjunum og aðrir. Oft eru markháðir og hefningjarnir hryðjuverkahópar blandaðir og því stundum erfitt að skilgreina þá sem getur torvelt samningaviðræðum og málamiðlunum við þessa hópa (Miller, 2006).

## 2. Sálfræði hryðjuverka

Til að takast á við hryðjuverk er nauðsynlegt að skilja gjörðir hryðjuverkamanna frá þeirra sjónarhorni. Þannig er hægt að móta viðbrögð út frá hvötum og ástæðum hryðjuverka (Schwartz, Dunkel og Waterman, 2009). Rannsóknir á sálfræði hryðjuverka eru fáar þar sem aðgengi að hryðjuverkamönnum er erfitt, sem torveldar rannsóknir á þeim. Þrátt fyrir þessa hindrun er vaxandi áhugi meðal rannsóknarsamfélagsins fyrir því að reyna skilja hvernig og af hverju sumir leiðast út í hryðjuverk. Rannsóknir á þessu sviði eru mikilvægar og gætu mögulega varpað ljósi á það hvort ákveðnir hryðjuverkamenn séu fúsir til þess að framkvæma tiltekna árásir í náinni framtíð (Dernevik, Beck, Grann, Hogue og McGuire, 2009).

Einungis þarf fljóta yfirferð á rannsóknum sem hafa kannað sambandið á milli hryðjuverka og geðraskana til að komast að þeirri niðurstöðu að tengslin eru lítil eða jafnvel engin. Tíðni geðraskana á meðal dæmdra hryðjuverkamanna er á við almennt þýði eða lægri (Borum, 2004; Crenshaw, 1992; Horgan, 2008; Silke, 1998). Þetta dregur úr vægi langlífrar mytu um að hryðjuverkamenn séu geðsjúkir og veikir einstaklingar.

### 2.1 Fjögurra þrepa líkan Borums

Þátttaka í hryðjuverkum er flókið ferli aðlögunar og samlögunar sem á sér stað á mörgum stigum (Horgan, 2008). Borum (2003) hefur þróað fjögurra þrepa líkan sem lýsir þróun á hugmyndafræði sem getur leitt til hryðjuverka. Líkanið er hugsað sem leiðarvísir til að aðstoða rannsóknarlögreglu og leyniþjónustu við að leggja mat á einstakling eða hóp með öfgakenndar hugmyndir. Borum notar hugtök úr félagssálfræði til að lýsa ferlinu. Fyrsta stigið er upplifun á óréttlæti sem tengist til að mynda efnahag (skortur og fátækt) og félagslegu ástandi, til dæmis skorður á frelsi einstaklingsins í pólitísku samhengi. Næsta skref er þegar hópur eða einstaklingur telur sig verða fyrir óréttlæti í samanburði við aðra. Slíkur afstæður skortur (*relative deprivation*), sú skynjun að aðrir hafi það betra, getur leitt til



gremju gagnvart hinum hópnum. Þriðja skrefið er að kenna öðrum um þetta misrétti, það verður einhverjum öðrum að kenna ef upplifað er óréttlæti sem svo verður skotmark gremjunnar. Fjórdi og síðasta skrefið er að merkja aðra hópa sem illa innrætta. Þetta geta verið aðrir þjóðernis-, trúar- eða stjórnmalahópar (Borum, 2003). Ýgi er einmitt talið réttlætanlegra þegar maður telur hinn hópinn illan. Svipting á mannlegum eiginleikum (*dehumanization*) getur auðveldað ofbeldi að sama skapi og er sérstaklega líkleg til að leiða til ofbeldis þegar að fólk upplifir minnkaða persónulega ábyrgð fyrir afleiðingum gjörða sinna (Bandura, Underwood og Fromson, 1975). Í síðasta lagi þá lítur hópur ekki á sjálfan sig sem slæman ef hann á lítur sig fórnarlamb annars hóps. Þessi skynjaða ógn og óréttlæti getur valdið því að hópurinn réttlæti fyrir sér ofbeldi og árásir (Dernevik o.fl., 2009). Ætlunin með líkaninu er í senn að skilja og koma í veg fyrir hryðjuverk, það getur verið gerlegt með því að greina bæði hugmyndafræðilega hvata hryðjuverkamanna og hegðun þeirra. Þetta felst í því að öðlast innsýn í gildi og skoðanir einstaklinganna ásamt því að reyna skilja áhrif væntinga þeirra, upplýsinga sem þeir hafa fengið og lífsreynslu yfir höfuð. Í rauninni er markmiðið að setja sig í spor þessara einstaklinga og gera sér grein fyrir sýn þeirra á heiminn (Borum, 2003).

## 2.2 Skilningur á hvötum til hryðjuverka

Skilningur á því hvernig öfgakenndar hugmyndir þróast getur gagnast löggæslu í áhættugreiningu og í aðgerðum gegn hryðjuverkum. Við greiningu á upplýsingum gegn hryðjuverkum (*counter-terrorist intelligence*) þarf skilningur á bæði hegðun og hugmyndafræði að vera til staðar. Upplýsingaöflun um hryðjuverkamenn getur orðið betri ef löggæsla tekur til greina sjónarhorn einstaklingsins sem er undir áhrifum margra ólíkra þátta. Allir einstaklingar hafa nefnilega eigin innri skilning á tilverunni (Fiske og Taylor, 2013) eða svokallaðan félagsskilning (*social cognition*). Ef aðilar í löggæslu gera sér grein fyrir félagsskilningi andstæðingsins og taka sjónarhorn hans til greina þá getur það auðveldað skilning á gjörðum þeirra og gert kleift að spá fyrir um gjörðir þeirra síðar meir (Borum, 2003). Skilningur felur þó ekki í sér að samþykkja eða afsaka fjöldamanndráp eins og hryðjuverk (Fiske, 2013). Þar að auki hefur verið sýnt fram á það að geta sett sig í spor annarra getur skilað sér í betri skilningi og jafnvel forspá á hegðun og viðbrögðum annarra (Galinsky, Maddux, Gilin og White, 2008). Af þessu leiðir sá möguleiki fyrir yfirheyrendur að áætla fyrirfram aðferðir grunaðra einstaklinga og heimildarmanna til að villa um fyrir

yfirheyra og þannig skipuleggja mótsvör sín gegn þeim til að ná fram áreiðanlegum upplýsingum (Granhag o.fl., 2016).

### 2.3 Siðferðisleg aftenging

Ýmsar ástæður geta verið fyrir því hvernig venjulegt fólk getur valdið öðrum skaða á miskunnarlausan hátt með því að taka þátt í hryðjuverkum, ein þeirra getur verið siðferðisleg aftenging (*moral disengagement*). Þessi leið er farin til að geta stutt eða framið hroðaverk og jafnframt haldið í jákvæða sjálfsmynd á sama tíma (Bandura, 1999). Siðferðisleg aftenging miðar að því að draga úr óþægindum með notkun réttlætinga til að verja sjálfið frá afleiðingum óvæginna hegðunar af eigin hálfu (Bandura, Caprara, Barbaranelli, Pasatorelli og Regalia, 2001). Það krefst mikillar þjálfunar í siðferðislegri aftengingu til að geta drepíð saklaust fólk í þeim tilgangi að fella einvalda frá völdum og breyta stjórnaritari eða til að ná öðrum lokatakörkum (Bandura, 2004).

Nokkrar aðferðir eru notaðar í siðferðislegri aftengingu, þær eru: siðferðisleg réttlætning (*moral justification*), skrauthverf merking (*euphemistic labelling*), samanburður til að draga úr sekt (*palliative comparison*), tilfærsla á ábyrgð (*displacement of responsibility*), ábyrgðarþynning (*diffusion of responsibility*) og svipting á mannlegum eiginleikum (*dehumanization*) eða kenna fórnarlambinu um (*blaming the victim*) (Bandura, 1999). Hér verður farið stuttlega yfir hverja aðferð og þær ræddar í ljósi hryðjuverka. Siðferðisleg réttlætning felur í sér hugrænt endurmat á hegðuninni, fólk réttlætir fyrir sér siðferði gjörða sinna áður en það framkvæmir fjöldamannráp. Þetta er til að mynda gert með því draga upp mynd af hegðuninni sem nauðsynlega (Bandura, 1999), til dæmis í tengslum við hryðjuverk þá gæti hópur talið nauðsynlegt að framkvæma tiltekna árás til að knýja fram breytingar. Með siðferðislegri réttlætningu á ýgi, þá getur venjulegt fólk farið að líta á sig sem frelsishetjur sem þurfi að verja gildi og siði þjóðar sinnar gegn kúgurum sínum. Skrauthverf merking er notuð til láta skaðsama hegðun líta út fyrir að vera réttlætanalega eða fórnfúsa og þannig minnka persónulega ábyrgð fyrir hegðuninni. Fólk hegðar sér á miskunnarlausari hátt þegar ofbeldisfullum orðum er gefin jákvæðari merking. Í þessu tilliti geta hryðjuverkamenn kallað sig frelsishetjur og kallað sprengjuárásir sínar „hreinsanir“ þar sem saklausu fórnarlömbin eru „fórnarkostnaður“ (Bandura, 1999; Bandura, 2004). Samanburður til að draga úr sekt getur látið slæmar gjörðir líta út fyrir að vera réttlátar. Hryðjuverkamenn geta jafnvel talið að hegðun þeirra sé dæmi um píslarvætti (*martyrdom*) með því að bera hana saman við

vægðarleysi sem hópur þeirra verður fyrir af hendi annarra. Margir hryðjuverkamenn líta á sjálfa sig sem bardagamenn, viljuga til að fórna sjálfum sér fyrir æðri tilgang samfélagsins (Colvard, 2002). Hugarænt endurmat á hegðun með notkun á siðferðislegri réttlætingu, skrauthverfu orðalagi og samanburði til að draga úr sekt er sennilega áhrifaríkasta leiðin til að stuðla að siðferðislegri aftengingu og sömuleiðis skaðsamri hegðun (Bandura, 2004).

Ef að yfirvaldið er talið lögmætt sem tekur ábyrgð á afleiðingum hegðunar einstaklings þá er fólk líklegra til að sýna meira vægðarleysi (Milgram, 1965). Við slíkar kringumstæður þá færast ábyrgðin yfir á annan og einstaklingnum finnst hann ekki bera persónulega ábyrgð á gjörðum sínum. Dæmi um alvarlegar afleiðingar vegna tilfærslu á ábyrgð yfir á lögmætt yfirvald eru þjóðarmorð nasista í seinni heimstyrjöldinni, en þeir sem störfuðu í útrýmingarþáttum sviptu sjálfa sig ábyrgð og töldu sig aðeins vera að fylgja skipunum (Bandura, 1999). Ábyrgðarþynning (*diffusion of responsibility*) er enn eitt skrefið í siðferðislegri aftengingu, en hún getur orðið til þess að afleiðingar vegna hegðunar verði óljósar með því að dreifa ábyrgðinni á marga einstaklinga. Þetta getur til dæmis átt við um hryðjuverkasamtök þar sem ábyrgðin dreifist á marga aðila sem gegna ólíkum hlutverkum innan samtakanna, jafnvel má teljast líklegt að hlutverkum sé haldið leyndum innan slíkra samtaka sem gæti aukið þessa ábyrgðarþynningu sökum nafnleysis. Samruni einstaklinga við hópinn veitir næga réttlætingu fyrir gjörðum hans, ábyrgð einstakra meðlima minnkar og hópurinn ræður hvað er réttlætandi og nauðsynlegt (Post, Sprinzak og Denny, 2003). Skaði sem hópur veldur öðrum má oftast eigna hegðun annarra meðlima hópsins og þannig getur fólk hegðað sér á verri hátt en ella (Bandura, 1999; Bandura o.fl., 1975). Að lokum getur svipting á mannlegum eiginleikum orðið til þess að fólk réttlætti fyrir sér slæma meðferð á öðrum. Rannsóknir á þeim mismunandi aðferðum sem fólk notar til að aftengjast siðferðislega virðast benda til þess að „það þurfi leiðandi félagslegar aðstæður frekar en andstyggilegt fólk til að fremja grimmdarverk“ (Bandura, 2004).

#### **2.4 Sálfræðilegir þættir róttækni og ofbeldisfullrar öfgastefnu**

Það er engin ein samhljóða skilgreining á róttækni (*radicalization*) þekkt (Neumann, 2013). Róttækni í sálfræðilegu ljósi má þó skilgreina sem undirbúning fyrir og stuðning við millihópaátök. Róttækni er breyting á skoðunum, tilfinningum og hegðun sem getur réttlætt ofbeldi milli hópa og fórnir til þess að verja nærhópinn (McCauley og Moskalenko, 2008). Annað dæmi um skilgreiningu á róttækni kemur frá dönsku leyniþjónustunni, hún lítur á þetta

sem „ferli þar sem einstaklingur samþykkir í auknum mæli notkun á ólýðræðislegum eða ofbeldisfullum aðferðum, þar á meðal hryðjuverkum, til þess að ná fram ákveðnu pólitísku eða hugmyndafræðilegu takmarki“ (Borum, 2011).

Róttækar skoðanir eru ekki nauðsynlegur undanfari hryðjuverka, flestir þeirra sem hafa róttækar skoðanir taka ekki þátt í hryðjuverkum og margir hryðjuverkamenn hafa ekki endilega orðið fyrir áhrifum róttækni eða öfgastefnu. Róttækni er aðeins ein leið af mörgum sem getur leitt til þátttöku í hryðjuverkum (Borum, 2011; Abrahms, 2008). Flestir rannsakendur í seinni tíð hafa áttað sig á því að hryðjuverk eru ekki „ástand“ heldur virkt ferli, en þó er lítið vitað um þetta ferli í raun og veru. Rannsóknir á ferli róttækni eru góð byrjun til að reyna skilja hvernig einstaklingur leiðist út í skuldbindingu við ofbeldi og hryðjuverk yfir tiltekinn tíma (Borum, 2011, McCormick, 2003). Með því að fara þessa leið þarf ekki útskýringar á hryðjuverkum út frá sálmeinafræði, samt er þó mikilvægt að afneita ekki mögulegum áhrifum persónuleika á þróun hugmyndafræði einstaklingsins (McCormick, 2003). Eitt afbrigði þessarar aðferðar er einmitt skýring Bandura (1999) á því hvernig hryðjuverkamenn réttlæta gjörðir sínar með siðferðislegri aftengingu yfir tíma. Nánast öll líkön sem hafa verið gerð um róttækni ganga út frá því að þetta sé þróun sem á sér stað yfir ákveðið tímabil og felur í sér ólíka áhrifaþætti (Neumann, 2013).

Gremjuvakar (*grievances*) geta ýtt einstaklingi til þátttöku í hryðjuverkum, sem eru annað hvort persónulegir eða pólitískir. Máttur slíkra gremjuvaka fer eftir næmni einstaklingsins í að greina þá og hversu mikið hann hugsar um þá (Borum, 2014). McCauley og Moskalenko (2008) hafa lagt til nokkur gangvirki pólitískrar róttækni einstaklinga, byggð að mestu leyti á félagssálfræðilegum þáttum. Þeir þættir sem skipta mestu máli fyrir núverandi umfjöllun eru þeir sem tengjast einstaklingnum, en af þeim verður hér fjallað um: persónulegan gremjuvaka, pólitískan gremjuvaka og róttækni við það að ganga í hryðjuverkasamtök. Persónulegur gremjuvaki (*personal grievance*) getur valdið róttækni hjá einstaklingi vegna einhvers óréttlætis eða skaða sem annar veldur honum eða ástvini hans. Þessi leið er algeng útskýring á sjálfsmorðshryðjuverkum, til dæmis er talið að „svörtu ekkjurnar“ svokölluðu frá Tétsníu séu að hefna sín gegn rússum vegna nauðgana eða dauða eiginmanna þeirra, sona og bræðra (McCauley og Moskalenko, 2008). Pólitískur gremjuvaki (*political grievance*) getur endað með róttækni ef að einstaklingurinn telur sig þurfa að svara pólitískum breytingum eða ranglæti. Dæmi um þetta er Ted Kaczynski en hann sendi bréfasprengjur til fólks sem var í forsvari fyrir þróun tækninnar sem hann óttaðist og fyrirleit (Beardsley og Beech, 2013). Breivik er annað dæmi um einstakling sem taldi sig þurfa að

svara pólitískum breytingum, en það olli honum mikillu gremju hversu mikið innflytjendur væru að samlagast evrópskri menningu (McCauley, Moskalenko og Van Son, 2013). Eitt getur leitt af öðru og þannig getur sjálfssprottin róttækni leitt til enn öfgakenndari hegðunar með enn öfgakenndari ástæðum og réttlætningum sem stundum endar með hryðjuverkum. Niðurstöður frægra tilrauna Milgrams (1963) á hlýðni og fangelsistilraunar Zimbardo (Haney, Banks og Zimbardo, 1973) styðja þetta ferli, að hægfara aukning á róttækri hegðun getur leitt til hegðunar sem skaðar aðra. Sú leið til róttækni sem hefur fengið hvað mestu athygli er þegar að tilfinningatengsl leiða til þess að einstaklingur gengur í hryðjuverkasamtök, það er þegar einstaklingurinn þekkir einhvern sem er í hryðjuverkasamtökum (McCauley og Moskalenko, 2008). Félagslega umhverfið getur haft gríðarleg áhrif á allt það unga fólk sem gengur í hryðjuverkasamtök, oft er það einhver sem unga fólkið lítur upp til sem fær það til að ganga í samtökin (Post o.fl., 2003).

Ýmsir rannsakendur hafa varpað nýju ljósi á þessar klassísku rannsóknir Milgrams og Zimbardo sem eiga að sýna fram á að leiðandi félagslegar aðstæður geti orðið til þess að venjulegt fólk fremji fjöldamanndráp. Þeir sem að fremja fjöldamanndráp eru ekki endilega að hlýða fyrirmælum eða sýna undanlátssemi í blindni. Þeir sem skaða aðra sem tilheyra fjærhópum eru einmitt þeir sem að samsama sig með nærhópnum og upphefja hann yfir aðra hópa (Reicher, Haslam og Smith, 2012).

## **2.5 Kenningar um hópa og hryðjuverk**

Í upphafi dragast hryðjuverkamenn frekar að hópnum eða samtökunum en að ákveðinni hugmyndafræði eða ofbeldinu sem fylgir (Crenshaw, 1988). Oft taka hryðjuverkamenn þátt í ofbeldi til þess að koma á framfæri markmiðum hópsins sem þeir tilheyra (Duyvesteyn, 2004). Fastheldnir einstaklingar og bókstafstrúarmenn í mörgum samfélögum sem ekki tilheyra hinum vestræna heimi svokallaða tengja gjarnan hnattvæðingu við hnignun samfélags síns sem ógnar sameiginlegu hópauðkenni þeirra (Moghaddam, 2012). Þetta hefur sýnt sig í ýmsum íslömskum samfélögum þar sem hluti samfélagsins hefur öfgavæðst andspænis þeirri ógn sem talin er vera af vestrænni menningu. Slíkt hið sama hefur átt sér stað meðal ýmissa þjóðernisinnáðra einstaklinga á hægri væng stjórnmalanna í vestrænum ríkjum. Þessir aðilar hafa áhyggjur af innrás íslamskra samfélaga sem þeir telja ógna vestrænni menningu. Þetta átti sér stað í Noregi árið 2011 þegar að Breivik bar ábyrgð á sprengju og skotárás sem olli dauða 77 einstaklinga (Moghaddam, 2012).

Kenningarnar um félagslega samsemd (*social identity theory*) og félagslega flokkun (*self-categorisation theory*) benda til þess að fólk skilgreinir oft sjálft sig út frá hópnum sínum (Tajfel og Turner, 1979; Turner, Hogg, Oakes, Reicher og Wetherell, 1987). Þetta gerir okkur kleift að greina á milli okkar eigin hóps sem er nærhópurinn og annarra hópa sem eru fjærhópar. Hryðjuverk eru líklegust meðal hópa og samfélaga sem draga skörp skil á milli nærhóps og fjærhópa og þar sem að meðlimir fjærhópa eru sviptir mannlegum eiginleikum (Schwartz o.fl., 2009). Það sem getur gert hryðjuverk líklegri er upplifun á höfnun samfélagsins saman með ákafri tilhneigingu til að flokka hópa í „við á móti þeim“ og aðhylling að trúarlegum kennisetningum sem réttlæta ofbeldi gagnvart þeim sem eru taldir ógna eigin trúar- eða menningarhóp (Silberman, Higgins og Dweck, 2005). Ofan á það getur sú trú að eigin hópur sé siðferðislega yfir þann hóp hafinn sem ráðist er á, gert hryðjuverk enn líklegri (Smith, 2004). Höfnun samfélagsins og einangrun frá því er til að mynda nefnt í tilviki ástralskra einstaklinga sem gengu í hryðjuverkasamtökin al-Qaeda á ákveðnum tímamarki. Þessir aðilar voru margir hverjir að leitast eftir tengingu og samlyndi við aðra sem er eitthvað sem hryðjuverkahópar gátu boðið þeim (Williams, 2007). Venhaus (2010) komst að svipuðum niðurstöðum byggt á viðtölum við „erlenda bardagamenn“ sem sóttust eftir aðild í hreyfingum sem tengjast al-Qaeda.

Þörfin til að tilheyra hóp er talin vera grunnþörf hjá mannverunni sem er bæði öflug og langvarandi hvöt (Baumeister og Leary, 1995). Margir tilvonandi hryðjuverkamenn í öfgahópum finna hjá hópnum bæði tilgang og uppfyllingu á þörfinni til að tilheyra einhverju (Bakker, 2006; Borum 2004; Kruglanski og Orehek, 2011; Munton o.fl., 2011). Það virðist vera samband á milli menningar sem einkennist af samkenndarhyggju (*collectivism*) og samþykki á hryðjuverkum sem tæki til að koma á samfélagslegum breytingum (Peterka-Benton og Benton, 2014), sem þýðir þó ekki að ákveðin menning orsaki hryðjuverk heldur að samband virðist vera milli menningaruppruna og hryðjuverkahópa. Samkenndarhyggja einkennist í raun af sameiningu einstaklings inn í sterkan og samheldinn nærhóp sem verndar einstaklinginn í staðinn fyrir blinda tryggð hans gagnvart hópnum (Hofstede, 2011). Í einni rannsókn á sjálfsmorðshryðjuverkaárásam sem áttu sér stað á milli 1981 og 2006 kemur fram að hryðjuverkasamtök sem áttu uppruna í löndum þar sem menningin einkennist af samkenndarhyggju báru ábyrgð á rúmlega 98% allra árása á þessum tíma (Davis, 2009). Dugas og Kruglanski (2014) telja að leit einstaklings að mikilvægi eða þýðingu (*quest for significance*) sé raunveruleg ástæða annarra hvata sem nefnd hafa verið í fræðunum að baki hryðjuverkum. Leitin að mikilvægi er í raun þrá til að öðlast virðingu og að skipta einhverju

máli í lífinu (Kruglanski, Chen, Dechesne, Fishman og Orehek, 2009). Dugas og Kruglanski (2014) telja að leitin af mikilvægi færi einstaklinga í átt að nærhóp til þess að endurheimta tapað mikilvægi, en samsemd með hóp getur stuðlað að uppfyllingu þessarar leitar (Swann, Gomez, Dovidio, Hart og Jetten, 2010).

Af þessum kafla um sálfræði hryðjuverka má draga þá ályktun að ástæður og hvatar sem geta leitt einstaklinga út í hryðjuverk eru mismunandi og á miklu flækjustigi. Erfitt er að niðurnjörva eina eða jafnvel nokkrar leiðir sem liggja að baki því ferli sem getur leitt einhvern til að ganga í hryðjuverkahóp og fremja fjöldamanndráp. Hópurinn virðist hafa mikið að gera með aðdráttarafl róttækni og hryðjuverka, einstaklingar virðast oft í upphafi dragast að hópnum frekar en hugmyndafræði hans eða mögulegum hroðaverkum sem hann ætlar sér að framkvæma. Skilningur á bæði trúarlegum og hugmyndafræðilegum hvötum hryðjuverkamanna getur talist afar mikilvægur í samskiptum við þá. Þar ber helst að nefna hlutverk yfirheyra á yfirheyrslu á grunuðum hryðjuverkamanni (Gelles, McFadden, Borum og Vossekuil, 2006). Í rannsóknum Milgrams var áberandi hversu margir færðu ábyrgð fyrir gjörðum sínum yfir á lögmætt yfirvald. Mögulega væri hægt að sýna fram á það eða reyna sannfæra grunaðan hryðjuverkamann í yfirheyrslu um það að sá sem skipar fyrir árásir beri ábyrgð á þeim. Ef til vill yrði hann þá líklegri til þess að gefa upp hvert yfirvaldið sé og hvaða árásir eru fyrirhugaðar, þetta er eitthvað sem væri athugasvert að kanna.

### **3. Yfirheyrslur á grunuðum hryðjuverkamönnum**

Rannsóknarviðtalið (*investigative interview*) er hornsteinn réttarferlisins og því verða upplýsingar sem koma fram í slíku viðtali að vera bæði nákvæmar og áreiðanlegar (Oxburgh, Myklebus og Grant, 2010). Í slíkum viðtölum þar sem markmiðið er að safna upplýsingum er rík áhersla á staðreyndasöfnun með notkun opinna spurninga og einstaklingum er gefið tækifæri til að segja frá sínu sjónarhorni án truflana frá yfirheyra þar til frásögn er lokið (Hartwig, Meissner og Semel, 2014). Þessi aðferð byggir á PEACE líkaninu sem var innleitt í Bretlandi árið 1992 til þess að setja ramma utan um framkvæmd rannsóknarviðtala. Líkanið var þróað sökum nokkurra þekktra réttarmorða í Bretlandi þar sem sakborningar voru sakfelldir á grundvelli falskra játninga, til dæmis fjórmeningarnir frá Guildford sakaðir um hryðjuverk (Gudjonsson, 2003). Undirstöðuatriði þessarar nýju nálgunar áttu að veita lögreglumönnum leiðsögn í framkvæmd rannsóknarviðtala á siðferðislegan hátt,

upplýsingasöfnunin átti að vera í brennidepli í stað þess eingöngu að ná fram játningu en auk þess átti að vera áhersla á yfirheyrslur án valdbeitingar og nákvæmar hljóð- og myndbandsupptökur á viðtölum (Williamson, 1994).

### 3.1 Gagnkvæm samskipti yfirheyrenda og sakbornings

Yfirheyrsluáðferðir í Noregi, Svíþjóð, Danmörku og á Íslandi eru undir áhrifum PEACE líkansins en þó er formleg þjálfun í framkvæmd rannsóknarviðtala rétt svo á byrjunarstigi hjá íslensku lögreglunni (Fahsing og Rachlew, 2009). Mikilvægt er að ákveðinn rammi sé settur utan um framkvæmd yfirheyrsla með grunuðum hryðjuverkamönnum á Íslandi til að tryggja öryggi almennings með siðferðislegar aðferðir að leiðarljósi, sér í lagi vegna aukins áhættustigs og fjölgun hryðjuverkaárása víðs vegar í nágrennaríkjum. Hér á Íslandi væri hægt að taka aðferðir norsku lögreglunnar til fyrirmyndar. Þar hefur verið lögð áhersla á gott yfirheyrslusamband (*rapport*), frjálsa frásögn sakbornings og mannúðlega meðferð undir KREATIV yfirheyrslurammanum svokallaða (Fahsing og Rachlew, 2009). Samkvæmt lögreglusálfræðingnum Asbjørn Rachlew sýndi þessi leið góðan árangur þegar kom að yfirheyrslunum á norska hryðjuverkamanninum Breivik í kjölfar árásanna árið 2011. Rachlew var með yfirumsjón í yfirheyrslunum en markmiðið var að enginn ágreiningur myndaðist, yfirheyrsluherbergið átti að vera þægilegt og viðmót yfirheyrenda opið og hlutlaust. Ætlunin var að hann myndi tala við lögregluna og að muna hluti, í raun gat hann ekki hætt að tala og voru yfirheyrendurnir sjálfir jafnvel orðnir þreyttir. Hann er talinn hafa sýnt mikið samvinnuþýði við yfirheyrslur og veitt nákvæmar upplýsingar um árásirnar (Heyer og Traufetter, 2011). Með virðingu og trausti náðu yfirheyrendur fram ógrynni áreiðanlegra upplýsinga um verknaðinn sem sýnir fram á gildi mannúðlegra aðferða við yfirheyrslur.

Í upphafi yfirheyrslu er nauðsynlegt að mynda gott samband við sakborning og viðhalda því út yfirheyrsluna. Þetta hefur síðan áhrif á gæði og útkomu yfirheyrslunnar (Walsh og Bull, 2012). Gagnkvæmur skilningur er mikilvægur til að stuðla að árangursríkum samskiptum á milli manna (Tickle-Degnen og Rosenthal, 1990). Einn liður í þessu þegar kemur að grunuðum hryðjuverkamönnum er að þekkja menningarlegan bakgrunn einstaklingsins og sýna nærgætni. Skilningur á bakgrunni einstaklingsins getur gert yfirheyrenda kleift að skilja samskiptaleiðir sakbornings og að spá fyrir um líkleg viðbrögð hans í yfirheyrslunni. Þessi atriði geta aðstoðað lögreglu að móta yfirheyrsluáðferðir sem



hámarka líkurnar á að sakborningur veiti þær upplýsingar sem leitast er eftir (Gelles o.fl., 2006). Til dæmis ef að sakborningur er trúaður þá ætti að leyfa honum að biðja þegar hann þarf, en það sendir út þau skilaboð að yfirheyrandinn sýni virðingu og skilning gagnvart sakborningi Þessi nálgun gengur yfirleitt gegn væntingum grunaðra hryðjuverkamanna um yfirheyrsluaðferðir, en þeim er oft sagt að ef þeir nást verði þeir pyntaðir, þvingaðir til að gefa upplýsingar og beittir sálfræðilegum þrýstingi (Roberts, 2012). Yfirheyrendur ættu því að sníða aðferðir sínar að sakborningnum til að auka líkurnar á góðu yfirheyrslusambandi.

Fljótlega eftir fréttir af mannréttindabrotum eins og til dæmis pyntingum hafa hryðjuverkaárásir oft átt sér stað (Dreher, Gassebner og Siemers, 2010). Þó að sambandið sé óljóst þar á milli má mögulega álykta sem svo að yfirheyrsluaðferðir sem byggja á fjandsamlegum grunni og jafnvel pyntingum geta aukið líkur á frekari árásum. Hryðjuverkamönnum er oft sagt að búast við slíkri meðferð í yfirheyrslu, en slíkar fyrirframgefnar hugmyndir geta valdið því að þeir einangri sig í yfirheyrslunni og gefi engar upplýsingar. Af þessu leiðir væri vænlegast að beita andstæðri aðferð en þeirri sem búist er við. Þegar komið er fram við einstaklinga með virðingu og af heiðarleika þá er yfirheyrslan vænlegri til árangurs (Alison, Alison, Noone, Elntib, Waring og Christiansen, 2014a). Í yfirheyrslu ætti yfirheyrandi að hafa opinn huga og sýna hlutleysi, mynda samband við sakborning, vera athugull og fagmannlegur ásamt því að vita hvenær sé rétt að ljúka yfirheyrslunni (St-Yves, 2006). Þvingandi yfirheyrsluaðferðir valda viðnámi og auknum gagnyfirheyrsluaðferðum hjá grunuðum hryðjuverkamönnum sem telja sig hafa upplifað óréttlæti. Aðferðir byggðar á sameiginlegum skilningi og góðu sambandi eru líklegri til að hvetja yfirheyrendur til að meta skynjað óréttlæti sakborninganna, en það getur tengst tregðu þeirra til að starfa með yfirheyrendunum og veita áreiðanlegar upplýsingar (Alison, Giles og McGuire, 2015). Þvingandi aðferðir eru líklegar til þess að styrkja hópauðkenni (*group identity*) hryðjuverkamanna gagnvart þeim hóp sem þeir tilheyra og geta þannig valdið öfgum í skynjuðum mun á nærhóp og fjærhóp. Það getur valdið bæði ósamvinnuþýði og ósveigjanleika í yfirheyrslu. Betri aðferð er að sýna samúð án þess þó að réttlæta gjörðir hryðjuverkamanna, stunda virka hlustun og viðurkenna sjálfræði þeirra (Alison o.fl., 2015). Þannig er hægt að mynda gott samband sem hvetur sakborning til að segja frá og gefa áreiðanlegar upplýsingar.

Hugsanamynstur sem á að draga úr sektarkennd líkt og siðferðisleg aftenging er yfirleitt óvæfengt þar til að aðilinn er yfirheyrdur hjá lögreglu. Þá standa frammi fyrir þeim mögulegar afleiðingar gjörða þeirra. Ótti, sektarkennd og eftirsjá getur komið fram hjá

Þessum einstaklingum grunuðum um hryðjuverk, yfirheyrsla byggð á góðu yfirheyrslusambandi getur þá veitt þau skilyrði þar sem aðilinn er líklegastur til að deila upplýsingum (Roberts, 2011). Það eru þó líka einstaklingar sem munu ekki veita neinar upplýsingar.

Mikilvægt er að gera greinarmun á milli hefðbundinna yfirheyrsla hjá lögreglu og yfirheyrsla með það markmið að safna upplýsingum frá heimildarmönnum (*human intelligence interrogations*). Evans, Meissner, Brandon, Russano og Kleinman (2010) telja að grundvallarmunurinn sé falinn í markmiði yfirheyrslunnar. Í upplýsingaöflunaryfirheyrslum er markmiðið oftast það að ná fram traustum upplýsingum frá heimildarmanni um fortíð, nútíð og framtíð í þeim tilgangi að auka þjóðaröryggi, meðal annars með því að koma í veg fyrir skipulagðar hryðjuverkaárásir. Markmið hefðbundinnar yfirheyrslu er hins vegar oftast að afla sönnunargagna sem hægt er að nota fyrir rétti til að sakfella sekan einstakling, en hins vegar getur slík yfirheyrsla líka endað með sönnunargögnum sem sýkna einstaklinginn.

### **3.2 Upplýsingaöflun frá heimildarmönnum (HUMINT)**

Hér verður lögð áhersla á upplýsingaöflun frá heimildarmönnum. Helsta hlutverk slíkrar yfirheyrslu er að ná fram nákvæmum og gagnlegum upplýsingum um atburð eða samtök. Þeir sem eru yfirheyrðir í þessum aðstæðum geta verið allt frá að því vera einstaklingar sem bera ábyrgð á mögulegum hryðjuverkaárásum til einstaklinga sem búa yfir áriðandi upplýsingum (Evans, Meissner, Ross, Houston, Russano og Horgan, 2013). Nokkur vandamál gera þó oft erfitt fyrir í slíkum aðstæðum, til að mynda getur flækt yfirheyrslur ef að notast er við túlk vegna tungumálhindrunar eða menningarmunar (Evans o.fl., 2010) sem má teljast nokkuð líklegt í tilfalli hryðjuverkamanna. Þar að auki getur minni mannsins verið nokkuð óáreiðanlegt (Loftus, 2011) og oft reynist vandasamt að greina á milli sannra og rangra frásagna (Evans ofl., 2010). Nokkrir þættir einkenna hefðbundið upplýsingaöflunarviðtal. Yfirheyrandinn býr oftast yfir einhverjum upplýsingum um mögulegan óverknað í framtíðinni, til dæmis hryðjuverkaárás. Mikilvægar eyður eru gjarnan í upplýsingunum sem yfirheyrandinn býr yfir og þarf hann því að ná fram upplýsingum frá heimildarmanni, til dæmis grunuðum hryðjuverkamanni. Einstaklingurinn veit líklega eitthvað sem getur fyllt inn í eyðurnar og því þarf hann að ná jafnvægi á milli þess að segja ekki of mikið né of lítið, ef til vill til þess að forðast refsiaðgerðir af hendi hópsins sem er að skipuleggja árás og til að virðast samvinnuþýður (Granhag o.fl., 2015; Granhag o.fl., 2016).

Upplýsingaöflun frá heimildarmönnum er talin ein áhrifaríkasta leiðin til að koma í veg fyrir fyrirhuguð hryðjuverk (Dahl, 2011), eftir því sem að hryðjuverkasamtök verða stigveldisskiptari og minna hugmyndafræðileg því auðveldara reynist að komast óséður inn til að hafa vakandi auga á starfseminni og afla upplýsinga (Gupta, 2005). Mikill hluti fyrirhugaðra árása sem er komið í veg fyrir, er með hjálp upplýsinga frá heimildarmönnum eða öðrum. Gott dæmi um árangur upplýsingaöflunar var þegar að lögregluþyriföld í Bretlandi komu í veg fyrir áform nokkurra manna um að sprengja flugvélar með vökvasprenjum árið 2006, en þar með var komið í veg fyrir gríðarlegt mannfall vegna fyrirhugaðra hryðjuverkaárása (Dahl, 2011).

Afar lítið er þó til af rannsóknum þar sem kannaðar hafa verið þær aðferðir sem eru notaðar til upplýsingaöflunar, en mikið líf hefur hins vegar færst í slíkar rannsóknir nýlega (Evans o.fl., 2013; Granhag o.fl., 2016). Árið 2009 stofnaði Barack Obama forseti Bandaríkjanna hóp sem kallast The High-Value Detainee Interrogation Group eða HIG (Obama, 2009). Markmið hópsins er að rannsaka og finna bestu yfirheyrsluáferðirnar til að safna upplýsingum frá grunuðum hryðjuverkamönnum á öruggan og mannúðlegan hátt í þeim tilgangi að koma í veg fyrir árásir á Bandaríkin og bandamenn þeirra. Hópurinn samanstendur að hluta til af alþjóðlegu teymi vísindamanna sem eru að prófa vísindalega studdar aðferðir til þess að bæta yfirheyrsluáferðir, en það er gert með þekkingu úr sálfræði og félagsvísindum (High Value Detainee Interrogation Group, 2015). Pär-Anders Granhag sálfræðiprófessor við Gautaborgarháskóla hefur verið að rannsaka þó nokkuð fyrir HIG, en hans rannsóknir beinast að mestu leyti að notkun tveggja aðferða við yfirheyrslur og upplýsingaöflun: taktískri notkun sönnunargagna (SUE) og Scharff aðferðinni (Meissner o.fl., 2015).

### **3.3 Scharff aðferðin**

Það getur gagnast lögreglu, yfirheyrendum og öðrum aðilum að ná fram upplýsingum frá grunuðum hryðjuverkamönnum eða heimildarmönnum án þess að þeir séu varir um það að verið sé að rannsaka þá eða geri sér ekki grein fyrir markmiði yfirheyrendans (Vrij og Granhag, 2012). Ein tiltekin tegund upplýsingaöflunar frá heimildarmönnum er afhjúpun upplýsinga (*information elicitation*). Með slíkri aðferð þá er upplýsingum safnað þannig að heimildarmaðurinn sé grunlaus um raunverulegan tilgang samskiptanna. Ætlunin er að einstaklingurinn vanmeti magn nýrra upplýsinga sem hann veitir yfirheyrenda og að hann

geri sér ekki grein fyrir markmiðum hans með notkun þeirra upplýsinga (Oleszkiewicz, Granhag og Kleinman, 2014).

Hanns Scharff var þekktur yfirheyrandi á vegum þýska flughersins (*Luftwaffe*) í seinni heimstyrjöldinni. Hann náði fram nákvæmum og gríðarlega mikilvægum upplýsingum frá flugáhöfnum herja Bandamanna. Yfirheyrsluaðferðir hans vöktu athygli, einkum fyrir það að í stað þess að þvinga fanga til þess að uppljóstra upplýsingum með pyntingum eða öðru þá nálgadist hann þá á vinalegan hátt (Toliver, 1997). Scharff hagaði sér þannig þveröfugt við það sem menn áttu að búast við af óvininum, en það hefur eflaust haft jákvæð áhrif á samstarfsvilja fanganna (Granhag o.fl., 2016).

Scharff ímyndaði sjálfan sig í stöðu fanganna og gat þannig séð fyrir hvernig þeir streittust á móti hefðbundnum yfirheyrsluaðferðum. Út frá því bjó hann til sínar eigin aðferðir til að vinna bug á gagnyfirheyrsluaðferðum fanganna (Granhag o.fl., 2016). Þessi nálgun hans svipar til þess að geta velt fyrir sér sjónarhorni annarra á heiminn (*perspective taking*) en þannig er mögulegt að spá fyrir um hegðun og viðbrögð annarra einstaklinga (Galinsky o.fl., 2008). Þessi geta er af öllum líkindum afar mikilvæg fyrir yfirheyrendur og gæti spáð fyrir um árangur yfirheyrsla (Granhag og Hartwig, 2008) og er þar að auki kjarni Scharff aðferðarinnar (Granhag o.fl., 2016). Þessi kjarni Scharff aðferðarinnar tekur í rauninni til greina bakgrunn og hvata einstaklingsins sem er verið að yfirheyra, en það er líkt og áður hefur komið fram mikilvægt í yfirheyrslum á grunuðum hryðjuverkamönnum. Granhag og Hartwig (2015) greindu þrjú undirstöðuatriði sem sýna fram á mikilvægi þess að geta sett sig í spor annarra í yfirheyrslum sem ganga út á upplýsingaöflun. Í fyrsta lagi þá myndar einstaklingurinn sér yfirleitt hugmynd um magn og eðli upplýsinga sem yfirheyrandinn býr yfir. Í öðru lagi mun sú hugmynd hafa áhrif á gagnyfirheyrsluaðferðir einstaklingsins og í síðasta lagi munu þær aðferðir hafa áhrif á hversu miklar og hvaða upplýsingar hann sviptir hulunni af. Yfirheyrandi sem skilur þessi atriði getur notað *perspective taking* til þess að sjá fram á einstök viðbrögð hvers og eins aðila (Granhag o.fl., 2016).

Granhag (2010) var fyrstur til þess að setja fram kenningarlegan ramma utan um Scharff aðferðina, en hún er byggð á fimm tengdum nálgunum. Fyrsta atriðið er að beita vinalegri nálgun og þannig skapa umhverfi sem einstaklingnum líður vel í, til dæmis með því að sýna samþykki og vinalegheit (Alison, Alison, Noone, Elntib og Christiansen, 2014a). Annað mikilvægt er að þrýsta ekki á einstaklinginn til að veita upplýsingar, einstaklingnum er leyft að bæta við upplýsingum og staðfesta eða neita staðhæfingum. Viðurkenning á sjálfræði

og innri hvötum einstaklingsins er áriðandi til að þess að þessi aðferð virki (Alison o.fl., 2013). Þriðja atriðið er að skapa þá tálmynd að yfirheyrandinn viti allar upplýsingarnar, hann byrjar á því að lista þær upplýsingar sem að hann veit að einstaklingurinn bjó yfir fyrirfram. Markmiðið með þessu er að aðilinn telji sig þurfa að veita upplýsingar sem yfirheyrandinn nefndi ekki í þeim tilgangi að virðast vera samvinnufús upp að ákveðnu marki. Ef að heimildarmaðurinn skynjar ranglega það magn upplýsinga sem yfirheyrandinn býr yfir og reynir að veita upplýsingar sem nú þegar eru þekktar þá gæti hann leitt í ljós upplýsingar sem yfirheyrandinn vissi ekki áður. Í fjórða lagi þá skal nota staðfestingar og neitanir í stað þess að spyrja beinna spurninga, þar sem yfirheyrandinn kemur fram með fullyrðingar og heimildarmaðurinn játar eða neitar þeim. Gert er ráð fyrir að heimildarmaðurinn upplifi þessa aðferð sem óvirkari tegund af undanlátssemi í stað þess að svara beinum spurningum. Síðasta atriðið í kenningarramma Scharff aðferðarinnar er að hunsa nýjar upplýsingar. Þegar yfirheyrandi fær nýjar og mikilvægar upplýsingar þá skal hann gera lítið úr mikilvægi þeirra eða þykjast eins og þetta séu nú þegar þekktar upplýsingar (Granhag o.fl., 2016).

Granhag og félagar (2016) telja að upplýsingar sem heimildarmaður veitir í Scharff yfirheyrslu séu líklegar til að vera nýjar í eyrum yfirheyrandans. Heimildarmaður sem skynjar vitlaust hversu mikið yfirheyrandinn vissi fyrir yfirheyrsluna gæti gefið nýjar og mikilvægar upplýsingar (Granhag og Hartwig, 2015). Þetta gæti spornað við þeim gagnyfirheyrsluaðferðum sem er mælt með í handbókum hryðjuverkasamtaka eins og *al-Qaeda Manchester Manual* þar sem meðlimum samtakanna er ráðlagt að segja ekkert í yfirheyrslu, en þessi aðferð virkar bara ef að heimildarmaðurinn getur ekki spáð fyrir um hvaða upplýsingar yfirheyrandinn býr yfir. Scharff aðferðin byggir einmitt á þeirri hugmynd að heimildarmenn noti gagnyfirheyrsluaðferðir til að streitast á móti yfirheyrslunni (Granhag, 2010). Heimildarmenn í yfirheyrslu gætu tekið upp á því að beita ákveðnum sjálfstjórnunaraðferðum til þess að reyna ná stjórn á viðtalinu. Slíka hegðun má flokka sem annað hvort flóttaaðferðir eða forðunaraðferðir (Granhag og Hartwig, 2015). Tilgangur flóttaaðferða annars vegar er að eyða ógninni sem einstaklingnum stendur af yfirheyrslunni, þetta getur komið fram sem neitun til að sýna samstarfsvilja með því að segja ekkert eða að draga til baka fyrri framburð. Í forðunarhegðun hins vegar þá reynir einstaklingurinn að tala í kringum viðfangsefnið með því að koma fram með upplýsingar sem voru áður þekktar eða með því að láta ekkert í ljós sem gæti uppfyllt markmið yfirheyrandans (Alison o.fl., 2014a).

Í framhaldi af þessu má velja því fyrir sér hvaða leiðir grunaðir hryðjuverkamenn fara til að villa um fyrir yfirheyrandi og hvað getur yfirheyrandinn nýtt sér í aðferð Scharffs til

Þess að vinna bug á þessum aðferðum. Gagnyfirheyrsluaðferð er skilgreind sem úthugsuð tækni grunaðs aðila til að streitast á móti samvinnu með lögreglu eða öðrum tengdum aðilum (Alison o.fl., 2014b). Betri þekking á þessum aðferðum getur aðstoðað við forspá fyrir viðbrögðum sakborninga eða annarra við yfirheyrslur (Clemens, Granhag og Strömwall, 2013). Alison og félagar (2014a) gerðu greiningu á 181 raunverulegri yfirheyrslu með grunuðum hryðjuverkamönnum í þeim tilgangi að finna mest notuðu aðferðir þessara einstaklinga til að forðast það að gefa mikilvægar upplýsingar eða sönnunargögn. Handbækur hryðjuverkasamtakanna al-Qaeda og Írska lýðveldishersins mæla eindregið með þögn sem aðferð til að beita við yfirheyrslur. Til dæmis segir í handbók al-Qaeda að meðlimir samtakanna ættu ekki að ljóstra upp neinum upplýsingum, sama hversu ómerkilegar þær kunna að vera svo að aðilinn bendli hvorki sig né samtökin við atburðinn sem um ræðir (Alison o.fl., 2014b).

Grunaðir hryðjuverkamenn nota ýmsar aðferðir til þess að forðast samskipti við yfirheyranda eða til að beina yfirheyrslunni í aðra átt. Algengt er að þeir breyti umræðuefninu og tali um ótengt efni eða gefi yfirheyranda upplýsingar sem hann veit nú þegar. Sumir draga fyrri framburð til baka, neita að svara eða horfa á yfirheyranda. Síðan er þögn gjarnan notuð og sumir segjast meira að segja ekki muna eftir neinu (Alison o.fl., 2014b). Niðurstöður þessara rannsakenda varpa ljósi á þær gagnyfirheyrsluaðferðir sem eru algengar meðal grunaðra hryðjuverkamanna og hversu líkar þeir eru meðal ólíkra einstaklinga. Hægt er að nota þessar upplýsingar til þess að bæta yfirheyrsluaðferðir og til þess að undirbúa yfirheyrendur fyrir aðferðirnar sem að grunaðir hryðjuverkamenn eru líklegir til að beita í viðtölum.

Ýmsa tækni má notfæra í Scharff aðferðinni til að vinna bug á gagnyfirheyrsluaðferðum hryðjuverkamanna. Ef aðilinn beitir þeirri aðferð að gefa yfirheyranda upplýsingar sem áður voru þekktar þá er líklega árangursríkast að yfirheyrandinn beiti þeirri tálmynd að hann viti nú þegar allar upplýsingarnar. Þannig er líklegt að einstaklingurinn láti yfirheyranda hafa upplýsingar sem hann telur ef til vill vel þekktar en er í raun eitthvað sem yfirheyrandinn vissi ekki áður. Ef svo kemur upp á að aðilinn vilji ekki svara ákveðnum spurningum eða er með fyrirfram ákveðið handrit svara, þá er hægt að láta einstaklinginn staðfesta eða neita fullyrðingum um atburðinn og annað tengt. Þannig er mögulegt að fá fram upplýsingar án þess að grunaði einstaklingurinn geri sér grein fyrir markmiðum yfirheyranda (May, Granhag og Oleszkiewicz, 2014). Einnig er aðilinn líklega viljugri til að svara yfirheyranda til að virðast samvinnuþýðari, en án þess að hann

geri sér grein fyrir að hann sé að gefa upp nýjar upplýsingar. Ef að einstaklingurinn er þögull og segir ekkert, þá er vænlegt að beita vinalegri nálgun og skapa umhverfi sem honum líður vel í sem stuðlar að jákvæðum samskiptum við yfirheyrenda. Til dæmis er hægt að láta heimildarmanninn halda á heitum kaffibolla, sem getur aukið skynjun hans á hlýleika og vingjarnleika yfirheyrenda (Williams og Bargh, 2008). Þar að auki getur reynst árangursríkt að láta einstaklinginn staðfesta og neita fullyrðingum, en þá þarf hann ekki að segja neitt nema bara já eða nei. Þessari aðferð er líka hægt að beita ef aðilinn fer að tala um eitthvað ótengt efni.

Scharff aðferðin er hagnýtanleg í söfnun á upplýsingum um áformaðar hryðjuverkaárásir og má nota með mörgum ólíkum heimildarmönnum, til dæmis stríðsföngum, grunuðum hryðjuverkamönnum og fleirum. Aðferðina væri til að mynda hægt að nýta á flugvöllum í öryggisgæslu og vegabréfaeftirliti ef að aðili er talinn grunsamlegur. Flugvelli má telja líkleg skotmörk fyrir hryðjuverk vegna þess fjölda fólks sem þar fara um á hverjum degi. Til að mynda þá hefði hertari öryggisgæsla á flugvöllum með betri aðferðum til að greina mögulega hryðjuverkamenn og til að afla upplýsinga, getað komið í veg fyrir árásir á flugvélar eins og Lockerbie sprengjuárásina árið 1988 og 11. september í New York (Huddy, Feldman, Capelos og Provost, 2002). Aðferðin er hönnuð til þess að nota með heimildarmönnum sem eru samvinnuþýðir að hluta til, en það eru þeir sem eru tilbúnir til að deila hluta upplýsinganna. Scharff aðferðin getur leitt þá til þess að bæta við nýjum upplýsingum óafvitandi (Oleskiewicz, 2016). Rannsóknir á árangri Scharff aðferðarinnar hafa leitt í ljós að hún er gott tæki til þess að afla mikilvægra upplýsinga um tiltekinn atburð, til dæmis hryðjuverkaárás. Niðurstöður skal engu að síður taka með fyrirvara þar sem um er að ræða rannsóknir á byrjunarstigi (Granhag o.fl., 2015; Granhag o.fl., 2016; May, Granhag og Oleszkiewicz, 2014; Oleszkiewicz, Granhag og Montecinos, 2014; Oleszkiewicz o.fl., 2014; Granhag, Oleszkiewicz, Strömwall og Kleinman, 2015).

### **3.4 Blekkingar og lygar við yfirheyrslur**

Eitt afar mikilvægt atriði sem skiptir máli í yfirheyrslum á grunuðum hryðjuverkamönnum er að geta greint á milli þess þegar þeir segja ósatt eða satt. Falskar upplýsingar geta komið í veg fyrir að raunveruleg ógn sé greind tímanlega (Gelles o.fl., 2006). Lygar og blekkingar spila gjarnan mikilvægt hlutverk í samskiptum milli fólks, en þetta er talinn grunneiginleiki mannglegrar hegðunar sem kom líklegast fram snemma í þróun mannsins (Porter og Brinke,

2010). Rannsóknir hafa sýnt að blekkingar sem varða mikla hagsmuni eða áhættu eru líklegri til að framkalla vísbendingar um blekkingu í hegðun einstaklingsins og líkamstjáningu frekar en í því sem hann segir. Hegðunin sjálf er líklegri til að geyma upplýsingar um tilfinningalegt ástand einstaklingsins (Zuckerman, DePaulo og Rosenthal, 1981). Mögulegt er að spá fyrir um hegðun sem greinir á milli lygara og þeirra sem segja satt út frá geðshræringum þess sem segir ósatt. Nokkrar vísbendingar geta verið merki um ótta við það að nást í lyginni, meðal annars hærri tónhæð, hraðara og háværra tal, pásur milli orða og málfarsvillur. Eftir því sem að kvíðinn eykst því meira áberandi verða þessar vísbendingar um ótta. Þar af leiðandi er líklegt að eftir því sem að áhættan eykst eða hagsmunirnir aukast því mun ólíklegra er að einstaklingurinn komist upp með blekkinguna (Ekman, 1992). Þessi vísbendi geta þó líka komið fram hjá saklausum sakborningum sem eru taugaóstyrkir og það þarf ekkert að vera að lygarar séu kvíðnari en sannsöglir og því má deila um áreiðanleika þessara vísbenda (Vrij og Semin, 1996).

Öflugar geðshræringar geta fylgt lygum sem varða mikla hagsmuni og áhættu, eins og til dæmis ótti, reiði og spenna. Þessar tilfinningar verður að hamla eða gera sér upp til að nást ekki. Einstaklingurinn verður samtímis að fylgjast með eigin líkams- og andlitstjáningum og frásögn ásamt því að hafa afleiðingarnar af því að nást hangandi yfir sér. Í þessu tilliti má ímynda sér hryðjuverkamann gera sér upp vingjarnlegheit við starfsfólk á flugvelli til þess að fela hatur og reiði sína gagnvart fyrirhuguðum fórnarlömbum sprengjuárásar og jafnvel ótta við það að nást (Porter og Brinke, 2010). Blanda þessara tilfinningalegra og hugrænna þátta ætti að hjálpa yfirheyrendum við að sjá í gegnum blekkingu grunaðs aðila. Raunin er þó ekki alltaf svo, ákveðnir hópar og einstaklingar sem eiga að vera þjálfaðir í að ná lygurum standa sig oft ekkert mikið betur en almenningur í því að greina blekkingar. Að meðaltali nær fólk að greina 54% lyga og sanninda, sem eru svipaðar líkur og í peningakasti (sjá t.d. Ekman, O'Sullivan og Frank, 1999; DePaulo, Charlton, Cooper, Lindsay og Muhlenbruck, 1997; Bond og DePaulo, 2006; Vrij og Granhag, 2012). Svipaðar niðurstöður komu fram í könnun meðal íslenskrar löggæslu þar sem að margir höfðu rangar hugmyndir um vísbendi blekkingar (Jón Pétur Skúlason, Ólafur Örn Bragason og Friðrik H. Jónsson, 2007). Þjálfaðir aðilar telja oft að lygarar forðist augnsamband, hreyfi sig meira í sæti sínu og að þeir hafi ekki jafn lipran talanda (Granhag og Vrij, 2010). Rannsóknir sýna hins vegar að mörg slík huglæg vísbendi séu villandi og ónákvæm (DePaulo, Lindsay, Malone, Muhlenbruck, Charlton og Cooper, 2003). Ein ástæða fyrir því er sú að þeir þættir sem lygarar raunverulega upplifa eiga líka við um þá sem segja sannleikann, þessir þættir eru kvíði og hugrænt álag



(Vrij, Granhag, Mann og Leal, 2011). Reyndir rannsóknarlögreglumenn geta auk þess verið líklegri en aðrir til að telja einstakling vera að blekkja frekar en að segja satt og eru gjarnan sjálfsöruggari með dómgreind sína sem getur reynst hættulegt. Þeir eru oft búnir að ákvarða fyrirfram að einstaklingurinn sé sekur sem reynist oft rangt, en þetta kalla Meissner og Kassin (2002) skekkjuáhrif rannsóknarmanns (*investigator bias*) sem vísar til hlutdrægni þeirra í átt að blekkingu frekar en sannleika sökum fyrri reynslu og þjálfun.

Rannsóknir á blekkingum geta skipt miklu máli í upplýsingaöflun í tengslum við hryðjuverk (Loftus, 2011). Mikilvægt er að geta komið í veg fyrir hryðjuverkaárásir en í því samhengi er nauðsynlegt að vera fær um að greina á milli sannra og rangra frásagna um framtíðaráætlanir eða ásetning til slíkra voðaverka (Vrij og Granhag, 2012). Hryðjuverkamenn eru oft á tíðum þjálfaðir í að nota blekkingu fyrir yfirvofandi árásir, til að mynda með því að ljúga um eða fela raunverulegan ásetning sinn sama dag og árásin er fyrirhuguð (Porter, Juodis, ten Brinke, Klein og Wilson, 2010). Margar hryðjuverkaárásir eru framkvæmdar af nokkrum aðilum og því gæti verið vænlegt í öryggisgæslu á flugvöllum að yfirheyra grunaða samverkamenn saman. Það gætu til að mynda verið vísbendi um blekkingu sem ekki eru sýnileg þegar að einstaklingarnir eru yfirheyrðir í sitthvoru lagi. Samskiptin milli hinna grunuðu gætu komið upp um þá og möguleg plön þeirra til að framkvæma hryðjuverkaárás (Driskell, Salas og Driskell, 2012). Hryðjuverkamenn þurfa til dæmis að geta beitt blekkingum til að fela samskipti sín, ferðalög, söfnun á sprengiefnum, til að komast hjá öryggisgæslu og fleira (Eubanks, Zhang, Frumkin, 2015). Rannsóknir á sönnum og fölskum ásetningi snúast um atburði í náninni framtíð. Sannur ásetningur vísar til framtíðargjörða sem einstaklingur ætlar sér að framkvæma en falskur ásetningur vísar til gjörða sem hann ætlar sér ekki að framkvæma en segist þó ætla að gera (Sooniste, Granhag, Strömwall og Vrij, 2014). Granhag (2010) skilgreinir ásetning sem hugarástand einstaklings sem kemur á undan hegðun og í því felst skuldbinding til að framkvæma hegðunina eftir talsverða umhugsun og skipulagningu. Fólk er fært um að greina ásetning annarra út frá því sem það sér í hegðun og getur hugsað röklega um tiltekinn ásetning sem liggur að baki hegðun þeirra (Malle, Moses og Baldwin, 2001). Þetta hefur hagnýtanlegt gildi fyrir upplýsingaöflun sem snýr að öryggi fólks (Granhag og Giolla, 2014), til að mynda vegna mögulegra hryðjuverkaárása.

Sérstök yfirheyrslutækni og ýmsar aðferðir hafa verið í þróun síðastliðinn áratug sem hægt er að nota til að laða fram vísbendi um blekkingu og sannleika. Þessar aðferðir byggja meðal annars á því að auka hugrænt álag, spyrja óvæntra spurninga og að nota sönnunargögn

á taktískan hátt (Vrij og Granhag, 2012). Hér verður greint frá þessum aðferðum og hvernig þær geta nýst í yfirheyrslum á grunuðum hryðjuverkamönnum.

### 3.5 Taktísk notkun sönnunargagna

Taktísk notkun sönnunargagna (*The Strategic Use of Evidence*) eða SUE er aðferð sem hefur verið í fararbroddi í þessari þróun. Sýnt hefur verið fram á árangur þessarar yfirheyrslutækni með mörgum ólíkum sakborningum, þar á meðal þeirra sem beita blekkingum um ásetning til afbrota (Clemens, Granhag og Strömwall, 2011). Höfundar SUE hafa bæði haldið fyrirlestra og sömuleiðis þjálfað sérfræðinga víða í notkun aðferðarinnar (Granhag og Hartwig, 2015). Ein rannsókn á hæfni bandarískra lögreglumanna til að greina blekkingu leiddi í ljós að að þjálfun í notkun SUE jók hæfni þeirra, en þeir sem hlutu þjálfun náðu að greina blekkingu rétt í 65% tilfella á móti 43% hjá þeim sem hlutu ekki þjálfun (Luke o.fl., 2016). Enn betri árangur kom fram í fyrstu rannsókninni sem snéri að þjálfun í notkun SUE, lögreglumenn sem fengu þjálfun náðu að greina blekkingu í um 85% tilfella en óþjálfðir um 56% (Hartwig, Granhag, Strömwall og Kronkvist, 2006). Það ber þó að taka fram að í báðum rannsóknum var fremur lítið úrtak og sakborningar voru ekki raunverulegir glæpamenn. Aðferðin byggir á þeirri forsendu að lygarar og sannsöglir muni beita ólíkum gagnyfirheyrsluaðferðum (Granhag og Hartwig, 2008). Sekir einstaklingar sem neita sök beita fleiri forðunaraðferðum en saklausir einstaklingar nota frekar beinskeittari og heiðarlegri aðferðir (Granhag og Vrij, 2010). Sakleysið skín ekki alltaf í gegn eins og menn eiga það til að halda. Sakleysi getur falist í þeirri trú að heimurinn sé réttlátur þar sem menn fá það sem þeir eiga skilið (Lerner, 1980). Gagnsæisvillan (*illusion of transparency*) gæti líka verið að leika menn grátt, en hún lýsir sér þannig að fólk á það til að ofmeta hversu sýnilegar og auðlesanlegar öðrum sannar hugsanir og tilfinningar þeirra eru (Gilovich, Savitsky og Medvec, 1998). Þannig gæti saklaust fólk í yfirheyrslu haldið að það sjáist á þeim að þau búi ekki yfir neinum upplýsingum og séu að segja sannleikann.

Grundvallaratriði SUE aðferðarinnar beinast að skynjun sakbornings á sönnunargögnunum, gagnyfirheyrsluaðferðum hans, svörum hans og færni yfirheyrandans í að skilja sjónarhorn annarra líkt og í aðferð Scharffs (Granhag og Hartwig, 2015). Óhjákvæmileg forsenda fyrir notkun SUE er að yfirheyrandi búi yfir einhverjum sönnunargögnum. Eitt megineinkenni aðferðarinnar er að gefa ekki upp öll sönnunargögnin í upphafi viðtals, heldur að nota þau á taktískan hátt út viðtalið og spyrja út í þau til að fá fram

ósamkvæmni í frásögn sakbornings (Hartwig o.fl., 2006). Framburður sekra sakborninga er venjulega í meira ósamræmi við sönnunargögnin en framburður saklausra sakborninga. SUE aðferðin gerir yfirheyrsluna erfiðari fyrir þá sem beita blekkingum en ekki fyrir þá sem segja satt. Aðferðin eykur hugrænt álag hjá þeim sem segja ósatt, það er nefnilega mun erfiðara að búa til ósanna sögu og lýsa atburðum sem gerðust ekki eða munu ekki gerast í náinni framtíð (Granhag og Vrij, 2010; Hartwig o.fl., 2006). Aðferðin snýst ekki um að safna eins miklum upplýsingum og hægt er heldur að yfirheyra á taktískan hátt til að fá fram ólíka svörun frá einstaklingum sem segja satt eða ósatt. Þannig er hægt að fá fram aðgreinanleg merki sem skilur þessa einstaklinga að. Þegar aðili er yfirheyrður með SUE aðferðinni þá myndar hann sér hugmynd um sönnunargögnin sem gætu verið til staðar. Þessi hugmynd mun hafa áhrif á val hans á gagnyfirheyrsluáferð sem kemur fram í frásögn hans í viðtalinu. Með því að setja sig í spor sakbornings þá getur yfirheyrandi notað þann skilning til að sjá fyrir útkomu mögulegra atburðarása (Granhag og Hartwig, 2015).

Líkt og fram hefur komið þá getur verið gríðarlega gagnlegt og mikilvægt að geta greint ásetning til hryðjuverka. Í því samhengi hefur verið prófað hvort SUE geti gagnast að einhverju leyti (Clemens o.fl., 2011), þá sérstaklega til að greina falskan ásetning þar sem líklegt má teljast að einstaklingur ætli sér ekki að uppljóstra raunverulegum áformum sínum til þess að nást ekki. Í rannsókn Clemens og féлага (2011) voru lygarar ósamkvæmari heldur en sannsöglir í frásögn sinni um ásetning og skipulagsferlið sem kom á undan. Þar að auki jókst munurinn á milli þeirra þegar sönnunargögnin voru notuð taktískt. Rannsóknir af þessu tagi eru ekki gerðar með raunverulegum afbrotamönnum og því ber að taka niðurstöður þeirra með ákveðnum fyrirvara um mögulega hagnýtingu í yfirheyrslum á grunuðum hryðjuverkamönnum. Samt sem áður bendir rannsókn Clemens og féлага til þess að mögulegt er að nota SUE til að greina blekkingu um ásetning til afbrota.

### **3.6 Blekkingar og hugrænt álag**

Svo virðist vera að lygi valdi meira hugrænu álagi heldur en sannleikurinn. Það sem stuðlar að auknu álagi er til dæmis aukin athygli og stjórnun á eigin háttalagi og yfirheyrandans til að meta sífellt hvort maður sé að komast upp með blekkinguna, minna sjálfan sig á að vera í hlutverkinu og bæling á sannleikanum. Ofan á þetta þá kemur sannleikurinn yfirleitt sjálfkrafa en lygin er íbyggjari og vísvitandi sem eykur álag (Vrij, Fisher, Mann og Leal, 2008). Hægt er að auka hugrænt álag með því að láta sakborning gera eitthvað aukalega í

yfirheyrslunni, til dæmis að biðja um atburðarás í öfugri röð. Þetta gengur gegn náttúrulegri framför atburða og truflar einstakling við að endurskapa atburðinn í huganum (Gilbert og Fisher, 2006), þetta ætti að reynast sérstaklega erfitt fyrir ósannsögla aðila þar sem þeir hafa ekki raunverulega minningu um atburðinn. Þeir eiga það til að veita minni smáatriði um tíma og staðsetningu. Þar að auki tala þeir oft hægar, meira hikandi og með fleiri málfarsvillum (Vrij, Mann, Fisher, Leal, Milne og Bull, 2008). Lygarar undirbúa sig líka fyrir yfirheyrslur, með því að spinna upp möguleg svör við spurningum sem þeir vænta í yfirheyrslunni (Vrij og Granhag, 2014). Undirbúningur gerir lygina auðveldari en oftast innihalda slíkar lygar færri vísbendi um blekkingu (DePaulo o.fl., 2003). Hins vegar gagnast þessi aðferð eingöngu ef að þeir gera réttilega ráð fyrir spurningunum sem yfirheyrandi mun spyrja. Yfirheyrendur ættu að nýta sér þetta og spyrja óvæntra spurninga sem sakborningur getur ekki gert ráð fyrir. Lygarinn verður þá að skálda svar á staðnum til að vekja ekki á sér grun sem getur valdið miklu hugrænu álagi og skilað sér í fleiri vísbendum um blekkingu (Vrij og Granhag, 2014). Til að mynda væri hægt að spyrja um skipulagsferlið og ásetninginn sem fer á undan atburði eða árás, en slíkar spurningar eru líklegar til að koma lygara í opna skjöldu (Sooniste, Granhag, Knieps og Vrij, 2013).

Fyrirnefndar aðferðir til að greina blekkingu er hægt að nota í ýmsum aðstæðum, þar á meðal við yfirheyrslur á grunuðum hryðjuverkamönnum. Markmiðið er að kalla fram ósamræmi hjá lygurum (Vrij o.fl., 2008) með því að spyrja spurninga á taktískan hátt og auka hugrænt álag. Taktísk notkun sönnunargagna (SUE) á við þegar að yfirheyrandi býr yfir hluta sönnunargagna og þegar að meta þarf hvort frásögn um ásetning sé sönn eða einfaldlega blekking. Aðferðirnar sem auka hugrænt álag eru síðan hagnýtanlegar í aðstæðum þar sem greina þarf um sannleiksgildi framtíðargjörða eða ásetning og einnig um atburði sem þegar hafa átt sér stað. Þessi yfirheyrslutækni ber það með sér að geta auðveldað löggæslu að koma í veg fyrir stórfelldar árásir eins og hryðjuverk með því að greina réttilega á milli sannsögulla heimildarmanna eða sakborninga og svo þeirra sem segja ósatt.

### **3.7 Samantekt á yfirheyrsluaðferðum**

Siðferðislegar og mannúðlegar yfirheyrsluaðferðir eru í framlínu nýjustu rannsókna og sífellt hefur verið sýnt fram á árangur þeirra. Aðferðirnar sem hér hafa verið skoðaðar og greindar má mögulega samnýta í eina og sama yfirheyrsluviðtalinu. Hér verða mótuð frumdrög af því

hvað sé vænlegast til árangurs í yfirheyrslum með grunuðum hryðjuverkamönnum og til þess verður stuðst við þær helstu aðferðir sem áður hafa komið fram.

(1) Í upphafi yfirheyrslu eða viðtals þarf að mynda gott yfirheyrslusamband og gagnkvæman skilning milli yfirheyrenda og sakbornings/heimildarmanns. Þessu þarf að koma á fót áður en yfirheyrslan byrjar fyrir raun svo að samskiptin verði árangursrík út viðtalið. Gagnkvæmur skilningur ætti að skila sér í opnari samræðum og meiri upplýsingum. Þegar að sakborningur er farinn að sýna samvinnuþýði þarf að beita ákveðnum aðferðum til að hann veiti eins miklar og nákvæmar upplýsingar og mögulegt er.

(2) Scharff aðferðin er áhrifarík leið til þess að fá fram þessar mikilvægu upplýsingar, en markmiðið er að sakborningur vanmeti það magn nýrra upplýsinga sem hann veitir yfirheyrenda og að hann geri sér ekki grein fyrir markmiðum hans með notkun þeirra upplýsinga. Yfirheyrslan er byrjuð með því að yfirheyrandi segir ákveðna atburðarás sem lætur sakborning halda að allar upplýsingar séu nú þegar þekktar. Þá er gert ráð fyrir að sakborningur muni leiðrétta yfirheyrenda og veita nánari útskýringu á atburðarásinni til að virðast samvinnuþýður, þannig lætur hann í ljós upplýsingar sem eru nýjar í eyrum yfirheyrandans. Einnig er hægt að notast við staðfestingu og neitun á tilteknum fullyrðingum ef að aðilinn er þögull, en það er aðferð sem ýmsar handbækur hryðjuverkasamtaka mæla með til að streitast á móti yfirheyrslu.

(3) Einstaklingar sem grunaðir eru um hryðjuverk taka mjög líklega upp á því að reyna blekkja yfirheyrenda, annað hvort um atburð sem hefur átt sér stað eða mun eiga sér stað í náinni framtíð. Lygar geta valdið miklu hugrænu álagi og því getur verið gæfulegt í yfirheyrslu að auka enn frekar álagið. Því er hægt að áorka með því að biðja sakborning um að segja frá atburðarás í öfugri röð. Einnig ætti að spyrja óvæntra spurninga, en þeir sem eru grunaðir um hryðjuverk eru oftast búnir að æfa svör sín áður. Með því að spyrja eitthvers sem sakborningur býst ekki við veldur því að hann þurfi að hugsa upp svar á staðnum, sem ætti að innihalda skýrari vísbendi um blekkingu.

(4) Í stað þess að koma fram með öll sönnunargögn gegn sakborningi í upphafi yfirheyrslu ætti að nota þau á taktískan hátt út allt viðtalið, þá er verið að nota taktíska notkun sönnunargagna (SUE). Með þeirri tækni er mögulegt að spyrja sakborning út í sönnunargögnin út yfirheyrsluna til að fá fram misræmi í frásögn hans. Aðferðin ætti að auka ólíkindin á milli þeirra sem segja satt og þeirra sem beita blekkingum með því að auka hugrænt álag hjá ósannsögnum einstaklingum. Því ætti að vera auðveldara að greina lygar ef

Þessari tækni er beitt. Það kemur líka til að greina að nota SUE til að greina sannan og falskan ásetning til hryðjuverka í náinni framtíð, en slík hagnýting gæti komið að góðum notum á stöðum eins og flugvöllum eða lestarstöðvum við öryggisgæslu og vegabréfaeftirlit.

## Umræða

Meginmarkmiðið með þessari fræðilegu samantekt var sem fyrr segir að móta frumdrög að því hvers konar yfirheyrsluaðferðir sé vænlegast að nota á grunuðum hryðjuverkamönnum. Til þess var stuðst við nýlegar rannsóknir á sálfræði hryðjuverka og yfirheyrsla.

Nauðsynlegt er að skilja hvata þeirra einstaklinga sem verða hryðjuverkamenn og einnig bakgrunn þeirra til að geta myndað árangursríkt yfirheyrslusamband við þá. Með það að leiðarljósi var farið yfir algengar ástæður eða hvata til þess að fremja hryðjuverk eða ganga í öfgahópa. Þar er af nógu að taka, en þar ber einna helst að nefna að í flestum rannsóknum hafa engin tengsl fundist á milli þátttöku í hryðjuverkum og geðraskana. Þar með má leggja þá mytu til hvíldar að hryðjuverkamenn séu veikir á geði. Þróun á ákveðinni hugmyndafræði getur smám saman leitt til róttækni og síðan hryðjuverka. Í því tilviki eru helstu ástæðurnar upplifun á óréttlæti og afstæður skortur sem geta svo leitt til þess að einstaklingur kennir öðrum um misréttið og fer að merkja aðra hópa sem illa. Slíkt getur ýtt undir það að ofbeldi verði réttlætanagera í huga þessara einstaklinga. Sumir fræðimenn hafa bent á að það séu leiðandi félagslegar aðstæður frekar en illt fólk sem valdi þátttöku í fjöldamannrápi. Enn aðrir hafa bent á að ástæðan sé frekar sú að einstaklingar upphefja sinn nærhóp yfir aðra fjærhópa. Félagslega umhverfið getur haft mikil áhrif á ákvörðun þeirra í upphafi um að ganga í hryðjuverkahóp. Þar ber helst að nefna þegar að ungt fólk lítur upp til einhvers sem er í hryðjuverkasamtökum sem fær það til að ganga til liðs við hópinn. Hryðjuverkamenn dragast oft að hópnum í upphafi en þörfin til að tilheyra hóp eða málstað er sterk hjá mannum. Einstaklingar finna því oft tilgang og merkingu í lífinu hjá hryðjuverkahópum. Aðhylling að trúarlegum kennisetningum sem réttlæta ofbeldi gagnvart hópum sem eru taldir ógna eigin hóp er annar mögulegur hvati hryðjuverka. Hryðjuverkamenn hafa fjölbreyttan bakgrunn og taka þátt í hryðjuverkum af mismunandi ástæðum. Því er erfitt að ætla sér að skapa ákveðna geðmynd af hinum dæmigerða hryðjuverkamanni.

